

Tillaga til þingsályktunar

um græna hvata fyrir bændur.

Flm.: Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Guðbrandur Einarsson,
Hanna Katrín Friðriksson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,
Sigmar Guðmundsson, Jóhann Páll Jóhannsson,
Oddný G. Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela matvælaráðherra að skipa starfshóp um bætt tækifæri bænda til að græða viðkvæm og illa farin vistkerfi, m.a. með skógrækt og endurheimt votlendis- og þurr-lendisvistkerfa. Það verði gert með því að afla áreiðanlegra upplýsinga um stöðu losunar frá landi og skapa græna hvata fyrir bændur til að auka uppgræðslu og draga úr kjötframleiðslu og annarri framleiðslu dýraafurða.

Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum bænda, Lands og skógar, Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands. Starfshópurinn leggi til hvatakerfi og mælanleg markmið fyrir hvert ár. Umhverfisstofnun annist eftirlit með framkvæmd svo tryggt verði að fjármagn sem varið verði til aðgerðanna nýtist á sem bestan hátt. Ráðherra greini Alþingi frá framgangi og niðurstöðum verkefnisins á haustþingi 2024.

Greinargerð.

Tillagan var síðast lögð fram á 153. löggjafarþingi (71. mál) en var ekki afgreidd. Við meðferð hennar bárust umsagnir frá Landgræðslunni, Landvernd, Matvælastofnun og Skógræktinni. Hún er nú lögð fram að nýju með lítills háttar breytingum í samræmi við athugasemdir umsagnaraðila.

Fyrir liggur að draga þarf úr losun heimsins á gróðurhúsalofttegundum um helming næsta áratuginn til að fyrirbyggja að hnattræn hlýnun verði umfram 1,5°C miðað við hitastig fyrir tíma iðnbýltingarinnar. Öll ríki heims standa nú frammi fyrir því að grípa þarf til stórtækra aðgerða til að ná þessu markmiði. Stærstu skrefin sem Ísland getur tekið til að draga markvisst og hratt úr losun gróðurhúsalofttegunda er að endurheimta votlendi og stöðva losun frá illa förnu landi.

Lagt er til að ráðherra skipi starfshóp með það að markmiði að auðvelda bændum að gera íslenskan landbúnað umhverfisvænni og að skapaðir verði jákvæðir grænir hvatar svo að bændur njóti góðs af skuldbindingum íslenska ríkisins í umhverfismálum.

Þannig myndu bændur taka að sér enn metnaðarfullra hlutverk en áður við endurheimt vistkerfa með því að draga úr losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda. Samfélagslegur ávinningur yrði umhverfisvænni landbúnaður sem og tækifæri til nýsköpunar í greininni.

Áætlað er að nettólosun landsins nemi um 14 milljónum tonna af koldíoxíð-ígildum á hverju ári, þ.e. með öllum þekktum tölum. Sérfræðingar telja að við það megi bæta 4 milljónum tonna vegna losunar frá illa förnu landi. Af þessum 18 milljónum tonna losar votlendi 9,5 milljónir tonna af CO₂-ígildum en mest af því er talið vera vegna framræsingar. Óraskað votlendi losar gróðurhúsalofttegundir af náttúrulegum ástæðum en losun vegna framræsingar

einnar er talin vera 7,4 milljónir tonna. Áætlað er að 10–15% framræsts votlendis séu í notkun í landbúnaði sem þýðir að hægt er með endurheimt votlendis að draga úr losun sem nemur 6,6 milljónum tonna af CO₂-ígildum án þess að það hafi áhrif á ræktun í landbúnaði.

Langvarandi sauðfjárbætur á viðkvæmum svæðum er talin vinna gegn markmiðum um uppgræðslu þeirra svæða.

Að mati flutningsmanna gæti reynst sérstaklega þýðingarmikið fyrir dreifðar byggðir að veita sauðfjárbændum tækifæri til að gerast vistbændur, sérstaklega þar sem áskoranir í endurheimt vistkerfa eru miklar. Með því skapast raunhæfir valkostir á grænum störfum í landbúnaði og um leið gríðarlega mikill samfélagslegur ávinningur með meira vatni og lífi í ám og lækjum, færri sárum og skurðum í landslaginu. Vistbændur munu gegna þýðingarmiklu hlutverki í því að skógar stækki og geta með störfum sínum ýtt undir líffræðilegan fjölbreytileika. Með markvissu starfi vistbænda getur Ísland sótt fram og náð markmiðum um minni losun gróðurhúsalofttegunda og fjölbreyttari vistkerfi. Það er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar á sviði umhverfisverndar, en einnig hvað varðar fugla, dýralíf og líffræðilegan fjölbreytileika. Má þar nefna Ramsar-samkomulagið, AEWA-samninginn, Bernarsamninginn og eyðimerkursamning Sameinuðu þjóðanna.

Hér fara að mati flutningsmanna saman jákvæð markmið á sviði umhverfis- og loftslagsmála og tækifæri fyrir landsbyggðirnar með hvötum í átt að fjölbreyttari störfum á sviði landbúnaðar.